

Laddi – Búkolla

Lag og texti: Þórhallur Sigurðsson

Intro: **Bm 1,2,3,4 F#m 1,2,3,4 Bm 1,2,3,4 F#m 1,2,3,4**

Bm F#m G D F#
 Karl og kerling í sínu koti, kúrðu og áttu einn svein, hann Hrein.
Bm F#m G A
 Beljuhró geymd í fjósabroti, Búkolla og hún bjó ein.
Bm F#m G D F#
 Svo einn daginn var horfin kusa og ekkert til hennar sést, né frést.
Bm F#m G F#
 Þá var Hreinn sendur út að hnusa, harður og til í flest.

Bm G
 Deó (deó) deó (deó)
D F#
 Baulaðu Búkolla ef þú heyrir
Bm G
 Deó (deó) deó (deó)
D F#
 En ekkert heyrðist, hann áfram lengra hélt.

Bm F#m G D F#
 Þegar hann hafði gengið lengi með hælssæri komin var og mar.
Bm F#m G A
 Aumar iljar og sára strengi og stóð varla í lappirnar.
Bm F#m G D F#
 Ef hann fyndi ekki kusu í hvelli og kæmi óðara þeim, strax heim.
Bm F#m G F#
 Fengi hann ráðningu og rassskelli og rekin burt frá þeim.

Bm G
 Deó (deó) deó (deó)
D F#
 Baulaðu Búkolla ef þú heyrir
Bm G
 Deó (deó) deó (deó)
D F#
 Baulaðu strax ef þú heyrir bofs í mér.

Bm **F#m** **G** **D** **F#**
 Þá er baulað úr háu bjargi, þar Búkolla er bundin við grjót, með fót.
Bm **F#m** **G** **A**
 Litlu innar á loðnu fargi, liggur skessa ein ljót.
Bm **F#m** **G** **D** **F#**
 Strákur kemst síðan út með belju og stíkar í áttina heim, beint heim.
Bm **F#m** **G** **F#**
 En skessan vaknar og sýpur hvelju, „Svei ég skal ná þeim tveim“.

Bm
 Hæ hó. Korr í ró, ég skal ná ykkur skrattakollar
 Hæ hó. Korr í ró, það þýðir ekkert að sitja og drolla.

(sömu hljómar og í viðlaginu)

Þegar skessan var alveg að ná þeim sagði strákur:
 „Hvað eigum við að gera“? Og þá sagði Búkolla:
 „Muu. Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.
 Verður það þá að svo stóru vatni að engin kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“
 Gerði strákur þetta og var úr þetta líka ekki smá vatn.
 Nú var skessan alveg æf, hljóp heim í helli og kom með stóra
 bolan hans pabba síns og hann drakk allt vatnið í einum sopa.

Nú var skessan alveg að ná þeim aftur. Þá segir Búkolla:
 „Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.
 Verður það þá að svo stóru báli að engin kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“
 Hlær þá skessan og lætur bolaótuktina pissa öllu vatninu
 sem hann drakk á bálið og slökkva í því.

Þegar skessa var alveg að ná þeim einu sinni enn, segir Búkolla:
 „Taktu hár úr hala mínum og legðu það á jörðina. Verður það þá að svo stóru fjalli að
 engin kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“

Stoppar þá strákur og segir: „Ég en nú búinn að fá mig fullsaddan
 af þessu kjaftæði í þér beljuskratti þarna. Taktu hár úr hala mínum“... hvað? Ha?
 Þetta hefur ekkert virkað hjá þér hingað til. Nú tek ég til minna ráða.“

Skipti engum togum að stráksi hreinsaði hárin af halanum á Búkollu
 og stráði þeim í kring um sig. Spruttu þá upp heilu fjallasalirnir.

Síðan hefur ekkert spurst til þeirra.

Deó (deó) deó (deó) ...